

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og 11
Iðnaðarráðuneyti)

Frá 2. minni hluta atvinnuveganefndar.

Inngangur.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 var lagt fram á Alþingi 1. október síðastliðinn. Hinn 7. nóvember barst atvinnuveganefnd bréf frá formanni fjárlaganefndar, dags. 4. nóvember, þar sem þess var óskað að veitt væri álit á fjárlagafrumvarpinu eigi síðar en 17. nóvember. Ljóst er því að fagnefndum þingsins var ætlaður skammur tími til þess að kynna sér þá þætti frumvarpsins er snúa að málefnasviði þeirra og kalla til þá gesti sem nauðsynlegt væri að ræða við vegna málsins. Á sama tíma stóðu yfir umræður um fjárukalög 2011. Þá fundaði nefndin á sama tíma um ýmis þörf en ótengd mál. Vegna tímaskorts tókst nefndinni aðeins að kalla á sinn fund fulltrúa frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, Hafrannsóknastofnuninni og Matvælastofnun. Kann að vera að álit þetta innihaldi því umfjöllun um færri þætti en eðlilegt mætti annars telja.

Frumvarpið byggist á sams konar forsendum og fjárlagafrumvarpið 2011. Áfram er stefnt að jöfnuði í rekstrarárfkomu ríkisins, þ.e. að frumjöfnuði verði náð á tilteknu ári og heildarjöfnuði um tveimur árum seinna. Þó svo að fram komi að ríkisfjármálastefnan hafi verið endurskoðun felst sú endurskoðun aðallega í því að tímasetningum helstu áfanga hennar hefur verið frestað. Þá var í frumvarpi fyrir árið 2011 stefnt að 9% samdrætti í rekstrarútgjöldum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá framhaldsskólum, heilbrigðisstofnunum, stofnunum fyrir fatlaða og lögregluembættum. Fyrir árið 2012 er stefnt að 3% samdrætti hjá stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum, en 1,5% hjá öðrum. Bent hefur verið á að harkalegur niðurskurður gildandi fjárlaga hafi í mörgum tilvikum rist inn að beini. Nú virðist ríkisstjórnin ætla sér að rista dálítið dýpra.

Viðræður um aðild Íslands að ESB.

Á fundum nefndarinnar var gestum tíðrætt um hve mikið álag væri á starfsmönnum stjórnsýslunnar þessa dagana. Í öllum tilvikum virðast viðræður um aðild Íslands að ESB hafa töluvert með það að gera. Var m.a. rífað upp að fyrir um ári hafi komið fram það mat að til þess að tryggja eðlilegan gang í vinnu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins vegna aðildarviðræðnanna þannig að ekki kæmi niður á annarri starfsemi eða starfsmönnum þyrfti það að fjölga starfsmönnum um 2-3. Að sama skapi þyrfti starfsmönnum Fiskistofu að fjölga um 1-2 og starfsmönnum Matvælastofnunar um 4-5. Nú liggur fyrir að starfsmönnum ráðuneytisins og framangreindra stofnana var ekki fjölgað enda fékkst ekki fjárveiting til þess. Því er ljóst að vinna í kringum aðildarviðræðurnar hefur tekið mikinn toll af starfseminni. Á fundi nefndarinnar kom fram að starfsmenn ráðuneyta og stofnana hafa oft og tíðum unnið vinnu tengda aðildarviðræðunum á kvöldin og um helgar án þess að þóknun væri greidd fyrir. Þó svo að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafi farið fram á aukin fjárframlög vegna vinnu við samningskafla um landbúnað og sjávarútveg þá virðist sú beiðni rökstudd sérstaklega með vísan til vinnu sem inna þarf af hendi sérstaklega vegna stigs

erfiðleika ákveðinna þátta aðildarviðræðnanna. Af frumvarpinu er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir því að létta álagi af starfsmönnum árið 2012. Virðist 2. minni hluta sem vinna tengd aðildarviðræðum Íslands og ESB auki verulega á þann vanda sem stofnanir framkvæmdarvaldsins standa frammi fyrir í ljósi hagræðingarkröfu vegna niðurskurðar í ríkisrekstri.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Matvælastofnun.

Í máli fulltrúa Matvælastofnunar á fundi nefndarinnar kom fram að stofnunin hefði fengið aukin framlög á fjárlögum frá árinu 2007 til að standa straum af innleiðingu matvælaöggjafar Evrópusambandsins. Hefðu uppsafnaðar fjárheimildir frá þeim tíma numið um 156 millj. kr. Á móti kæmi að uppsöfnuð hagræðingarkrafa frá árinu 2009 til og með fjárlagaárinu 2012 næmi um 210 millj. kr. án þess að dregið hefði verið úr kröfum til innleiðingarferlis stofnunarinnar. Þannig hefði stofnunin undanfarin ár m.a. þurft að taka á sig ýmsan kostnað eins og t.d. opnun umdæmisskrifstofa víða um land. Þá kom fram að hluti af viðbrögðum stofnunarinnar væri að draga úr rannsóknum.

Annar minni hluti átelur að svona skuli staðið að málum. Á sama tíma og Matvælastofnun er falið að innleiða flóknar reglur sem hafa mikla og mikilvæga þýðingu fyrir matvælaframleiðslu í landinu og staðið er í umtalsverðum niðurskurði er íslenskt stjórnkerfi yfirkeftr með vinnu vegna aðildarviðræðna við ESB.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarp til fjárlaga er farið fram á að Matvælastofnun fái 17 millj. kr. fjárveitingu í því skyni að tryggja velferð dýra og veita dreifðum byggðum landsins reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu. Á fundi nefndarinnar kom m.a. fram í máli fulltrúa stofnunarinnar að mjög hafi dregist að fá dýralækna á ákveðin þjónustusvæði, m.a. þar sem fjármögnun hafi skort. Þá standi fjármögnun samninga um vaktsvæði dýralækna enn yfir. Að mati 2. minni hluta er auðsætt að þeir fjármunir sem eru ætlaðir til þess að koma framangreindum verkefnum af stað eru ekki nægjanlegir. Er verulega gagnrýni vert hve þessi verkefni hafa dregist m.a. vegna ónógrar fjármögnunar. Bent skal á að enn er eftir að gera samninga um nokkur svæði.

Búvörusamningar.

Heildarfjárveitingar vegna búvöruframleiðslu eru óbreyttar frá gildandi fjárlögum að nafnvirði. Er um það í frumvarpinu m.a. vísað til samkomulags sem gert var milli ríkis og bændasamtakanna árið 2009 en samkvæmt því verða framlög óbreytt frá þessu fjárlagaári og verðlagsbætur verða 5%. Af upplýsingum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið kom á framfæri við nefndina eftir fund þess með henni má sjá að framangreint samkomulag hefur haft í för með sér umtalsverðar skerðingar á framlögum til bænda. Virðist skerðingin hafa legið á bilinu 6,5-9,6%, mismunandi milli ára. Að mati 2. minni hluta er með þessu móti verið að höggva margsinnis í sama knérunn enda er þegar búið að afleggja einhliða greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda. Bændur eru því búnir að taka á sig enn meiri raunskerðingu en lesa má úr skýringum frumvarpsins á skerðingum á búvörusamningum.

Nýsköpun og rannsóknir í landbúnaði.

Samkvæmt skýringum frumvarpsins er gert ráð fyrir 9,7 millj. kr. hækkun framlags til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Má þar einnig sjá að lækkun fjárframlaga til sjóðsins frá ríkisreikningi 2010 nemur 82,4% þrátt fyrir framangreinda hækkun. Samkvæmt skýringum við fjárlagafrumvarpið 2011 voru fjárframlög til sjóðsins það ár lækkuð um 133 millj. kr. vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar árið 2010 kom fram í máli fulltrúa sjóðsins að niðurskurðurinn fæli í raun í sér að sjóðurinn væri

lagður niður. Til jafnaðar fékk sjóðurinn 185 millj. kr. á ári fram til þess tíma á grundvelli laga og samninga við ríkisvaldið. Hefur sjóðurinn stundað styrkveitingar til verkefna sem hafa í för með sér atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Í ljósi fyrri niðurskurðar er það mat 2. minni hluta að hækkun framlags til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sé það smá að hún skipti ekki höfuðmáli hvað rekstur sjóðsins varðar. Má því segja að með því að ekki er um frekari hækkun að ræða ásamt því sem að öðru leyti hefur verið skorið niður þegar kemur að nýsköpunar- og rannsóknastyrkjum til landbúnaðar sé niðurskurður á þessu sviði stórfelldur. Er að minnsta kosti óhætt að fullyrða að sá niðurskurður er kominn langt umfram þann niðurskurð sem hefur átt sér stað á öðrum sviðum nýsköpunar og rannsókna.

Hafrannsóknastofnunin.

Á fundi nefndarinnar kom fram að fjárframlög til Hafrannsóknastofnunarinnar hafa lækkað um 22–25% frá árinu 2009. Hefur framangreind lækkun leitt til þess að ársverkum hefur fækkað verulega m.a. vegna þess að úthaldsdögum rannsóknaskipa hefur fækkað stórlega. Allt þetta kemur beint niður á rannsóknum og vöktun og rýrir þannig framtíðarmöguleika til að sækja fram á sviði sjávarútvegs og skapa með því meiri vöxt innan greinarinnar. Stefnumörkun ríkisstjórnar virðist einblína á kosti þess að veita fjármunum til rannsókna í samkeppnissjóði. Hér skal ekki efast um að slíkt á vel við þegar kemur að rannsóknum í háskóla sem ekki hafa tilgreindum og reglubundnum rannsóknaverkefnum að sinna. Mestur hluti starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar er hins vegar vöktun auðlindar þjóðarinnar. Afrakstur téðrar vöktunar er grundvöllur veiðiráðgjafar og ábyrgrar nýtingar fiskstofna til langs tíma lítið. Því er nauðsynlegt að starfsemi stofnunarinnar sé tryggð með beinum fjárframlögum en henni sé ekki gert að eltast við fjármagn til skyldubundinna verkefna í samkeppnissjóðum. Þá má benda á að kostnaður stofnunarinnar við rannsóknir hefur aukist verulega síðustu ár vegna hækkunar á olíuverði um u.þ.b. 53% frá árinu 2009, eða um 80 millj. kr. á ári. Ekki hefur verið tekið tillit til þess hluta olíuverðshækkunar sem er umfram verðlag í fjárlögum síðustu ár.

Iðnaðarráðuneyti.

Byggðastofnun.

Óumdeilt er að Byggðastofnun hefur veigamiklu hlutverki að gegna þegar kemur að fjármögnun nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. Á fundi nefndarinnar kom fram að staða sjóðsins væri óljós, hann þyrfti á verulegri fjárinnsþýtingu að halda þar sem eiginfjárlutfall (CAD-hlutfall) sé undir viðmiðunarmörkum og hann rekinn á grundvelli undanþáguheimildar. 2. minni hluti telur ákaflega mikilvægt að Byggðastofnun verði gert fært að sinna því mikilvæga hlutverki að styðja við nýsköpun á landsbyggðinni. Enn virðist stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sjóðsins ekki fela í sér svör um það hvernig hægt sé að tryggja eðlilega starfsemi sjóðsins.

Niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Samkvæmt skýringum frumvarpsins er gert ráð fyrir að fjárveitingar til niðurgreiðslu húshitunar verði 1.172 millj. kr. árið 2012. Á fundi nefndarinnar kom fram að framtíðarfyrirkomulag niðurgreiðslna væri til skoðunar í nefnd á vegum ráðuneytisins. 2. minni hluti bendir á að niðurgreiðslur vegna húshitunar og auknar greiðslur vegna notenda utan samveitna eru tiltölulega stór hluti fjárframlaga á málefnasviði iðnaðarráðuneytisins. Að mati 2. minni hluta er löngu tímabært að fara ítarlega ofan í þessi mál og marka í kjölfarið skýra stefna um jöfnuð í húshitunarkostnaði.

Þá er fullt tilefni að taka til verulegrar skoðunar þá þætti raforkulaga sem snerta dreifingu raforku til annarra stórnotenda en stóriðju. Hefur nefndinni ítrekað verið bent á að

garðyrkjubændur greiði óeðlilega hátt verð fyrir raforku og að hið sama kunni að eiga við um ýmsa aðra aðila.

Annar minni hluti hvetur til þess að framangreindir þættir verði teknir til skoðunar hið fyrsta þannig að skapað verði meira gagnsæi og einfaldara og sanngjarnara kerfi um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar um raforkuverð til stórnotenda.

Ferðamál og markaðsstarf.

Af skýringum við frumvarpið má sjá að ætlunin er að verja umtalsverðum fjármunum í ferðamála- og markaðsstarf. Þannig er áætlað að veita 300 millj. kr. tímabundið í ferðaþjónustuátakið *Ísland allt árið*. Um verulega fjárhæð er að ræða og hafa heyrst efasemdaraddir um að fjármunum til ferðamála hafi ávallt verið ráðstafað af skynsemi. Að mati 2. minni hluta er sérstaklega mikilvægt að vel sé með þetta fé farið og að markaðsstarfinu verði þannig háttáð að það nýtist til að byggja upp heilsársferðaþjónustu á landinu öllu.

Alþingi, 21. nóv. 2011.

Sigurður Ingi Jóhannsson.